

5. mars 2020

## Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Niðurrif á Bakkakoti

Umsókn um starfsleyfi vegna niðurrifs á Bakkakoti, 720 Borgarfirði eystri barst þann 31. janúar sl. Umsækjandi var Aldgate eignir ehf. kt. 551217-2640. Ábyrgðarmaður starfsleyfis var Þorsteinn Erlingsson hjá Og synir ehf.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 3.2.2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur og rann út þann 2.3.2020.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir niðurrif á Bakkakoti útgefið 5.3.2020.

Engar breytingar voru gerðar á útgefni starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi